

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
sent á: Nefndasvid@althing.is

Reykjavík, 30. nóvember 2020

Efni: Umsögn Landsamtaka Landeigenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, mál 276.

Stjórn Landsamtaka landeigenda hefur kynnt sér ofangreind áform og leggst ekki gegn þeim breytingum á 36., 38 og 39 gr laganna sem fyrirhugað er að gera að svo miklu leyti sem land það sem áformað er að friðlýsa sé að öllu leyti í eigu ríkisvaldsins.

Þegar um er að ræða land í eigu einstaklinga eða lögaðila, annara en ríkisins, telja landsamtökin hins vegar að ferlið þurfi að vera með öðrum og vandaðri hætti. Þrátt fyrir gildandi ákvæði 43. gr náttúruverndarlaga í þá veru að ráðherra sé heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til að framkvæma friðlýsingu og að um framkvæmd eignarnáms og ákvörðum bóta fari eftir almennum reglum sem um slíkt ferli gilda, þá virðast stjórvöld og einnig löggjafinn, ekki átta sig fyllilega á því að friðlýsing felur ævinlega í sér einhverja skerðingu á landsréttindum eiganda. Þrátt fyrir að í athugasemum við frumparpið komi fram að lög um náttúruvernd geti “ *falið í sér takmarkanir á eignarheimildum sem njóta verndar skv. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem löggjöfin getur haft margvísleg áhrif á heimildir landeigenda og annarra rétthafa lands til nýtingar og framkvæmda á landi sínu*“, þá er ekki gert ráð fyrir því að mál vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar á landi sem er í eigu einkaaðila verði almennt látin sæta því ferli sem gert er ráð fyrir í ofanefndri 43. gr laganna. Virðist gert ráð fyrir að í flestum tilvikum eigi landeigendur að þola þá skerðingu á eignaréttindum sem felst í friðlýsingum, bóttalaust og að nægilegt sé að leggja friðlýsingarskilmála fyrir landeigendur skv 39. gr náttúruverndarlaga.


Af hálfu Landsamtaka landeigenda er því haldið fram að friðlýsingamál ættu ævinlega að fara í hefðbundinn eignarnámsferil svipað og gildir ef til stendur að taka eignarnámi landsréttindi undir veg.

Varðandi fyrirhugaðar breytingar á 41 gr þá leggjast landsamtökin ekki gegn þeim enda virðist ætlunin að gera ákvarðanirnar kæranlegar til ráðherra sbr br á 1. mgr 91 gr. Hins vegar er mikilvægt að heimildir til þess að bera ákvarðanir Umhverfisstofnunar og síðan ráðuneytisins, undir dómstóla, séu skýrar og afdráttarlausar. Heppilegt væri við þetta tækifæri að lögfesta sérstakt ákvæði í þá veru þannig að ekki þyrfti að treysta á hin almennu ákvæði ein.

Loks vilja landsamtökin minna á að eigendur eru bestu vörslumenn síns eigin lands. Við mat á því hvort friðlýsingar sé þörf, ætti að líta til þess að meiri hættu er á að land sem er í eigu opinberra aðilja spillist með einhverjum hætti, heldur en land sem er í einstaklingseigu og eigandinn verndar.

Virðingarfyllst

f.h Landsamtaka landeigenda á Íslandi



Sigurður Jónsson varaformaður stjórnar



Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi
150 REYKJAVÍK
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 01.11.2020
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, mál nr. 276

Vísað er til máls tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, 276 mál. Landsvirkjun þakkar tækifærið að gefa umsögn um frumvarpið.

Umsögn Landsvirkjunar

Vísað er til fyrri umsagna Landsvirkjunar:

1. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd (málsmeðferð o.fl.), mál nr. 139/2020.
2. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd (málsmeðferð o.fl.) mál nr. 169/2020.

Landsvirkjun telur mikilvægt að kynning á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, auk kynninga á einstökum friðlýsingaráformum sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, nái til sem stærsts hóps. Landsvirkjun telur að sú breyting sem hér er lögð til gæti mögulega takmarkað um of dreifingu á þessum mikilvægu upplýsingum. Landsvirkjun leggur til að áfram verði gert skylt að kynna áform á vefsíðu Umhverfisstofnunar og að auglýst verði í staðarmiðlum viðkomandi nærsamfélaga.

Landsvirkjun er sammála að tækifæri gætu verið til að stytta kynningarferli hvað snertir málsmeðferð friðlýsinga eins og það er skilgreint í náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Landsvirkjun telur æskilegt að tímalengd kynningarferlis taki mið af tilgangi kynningarferlisins og hvers vænst er af umsagnaraðilum. Hér verður einnig að taka tillit til þess að umsagnaraðilar eru fjölbreyttir og hafa ólík tök á að bregðast fljótt við. Þá kann það að þrengja að umsagnaraðilum ef nokkur kynningarferli eru í gangi samhliða auk þess sem tímasetningar skipta sköpum.

Hvað varðar kynningu á áformum um einstaka friðlýsingar, sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, þá telur Landsvirkjun að 2 vikur geti reynst óþarflega skammur tími ef taka á saman vandaða og ígrundaða umsögn um slík áform. Á sama hátt hvað varðar kynningu á drögum að friðlýsingarskilmálum telur Landsvirkjun að 6 vikur gætu reynst skammur tími til að taka saman vandaða og vel ígrundaða umsögn.

Landsvirkjun telur óráðlegt að ekki liggi fyrir í hvaða flokk friðlýstra svæða lagt er til að viðkomandi svæði myndi falla þegar kynnt eru áform um einstaka friðlýsingar, sem ekki eru



á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Ólíkir friðlýsingarflokkar setja umsvifum ólíkar skorður og skortur á t.d. upplýsingum um hvaða landnotkun verði leyfð á viðkomandi svæði gerir umsagnaraðilum erfitt fyrir að útbúa nákvæma og efnislega vandaða umsögn um áform um friðlýsingu.

Landsvirkjun er sammála því að það sé til bóta að færa heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum friðlýsinga skv. 41. gr. frá ráðherra til Umhverfisstofnunar. Bent er á að skv. 7. gr. frumvarpsdraga er ætlunin að fella á brott tilvísun í 41. gr. hvað varðar hvaða ákvarðanir Umhverfisstofnunar eru kæránlegar. Eftir áformaða breytingu skv. 5 gr. frumvarpsdraga er tilvísun í 41. gr. laganna skv. ákvæði 91. gr. þó orðin virk og því óþarfi að fella umrædda tilvísun á brott.

Landsvirkjun telur að það gæti verið til bóta að bæta við skyldu að kortleggja óbyggð víðerni. Sú leið sem hér er lögð til telur Landsvirkjun þó vera ófullnægjandi. Breyting á náttúruverndarlögum nr. 60/2013 þyrfti t.d. að vera skýrari hvað varðar hver hefði slíkt með höndum, hvernig meðferð slíkrar kortlagningar yrði háttáð, hvaða réttaráhrif slíkt hefði og hvaða aðkomu hagaðilar hefðu að þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,

Kristín Linda Árnadóttir,
aðstoðarforstjóri

Gerður B. Kjærnested,
verkefnastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á: Nefndasvid@althing.is

Reykjavík, 27. nóvember 2020

Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, mál 276.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind áform og styður þær breytingar sem fyrirhugað er að gera. Stjórnin vísar til umsagnar sinnar um áform og drög sem frumvarp þetta byggir á (dags. 14. ágúst)¹ og (4. sept 2020).

Stjórn Landverndar vill ítreka það sem fram kom í umsögn samtakanna frá 14. ágúst 2020 um náttúruminjasrá og frest Umhverfisstofnunar til þess að skila tillögum til ráðherra. Núverandi tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa verið til meðferðar hjá Umhverfisstofnun í 2 og hálfu ári og enn hefur tillögunum ekki verið skilað til ráðherra þannig að hann geti lagt þær fyrir Alþingi.

Landvernd ítrekar einnig sjónarmið sín um að heimildir til þess að veita undanþágur frá friðlýsingarskilmálum verði hertar.

Að skerpa á skyldu um kortlagningu víðerna er mjög þarft. Stjórn Landverndar styður þá útfærslu sem var í frumvarpsdrögunum í samráðsgátt um að kortlagningin sé á ábyrgð ráðherra og telja samtökin núverandi framsetningu um reglugerð allt of veika.

Landvernd telur fyrirhugaðar breytingar á náttúruverndarlögum vera til bóta en jafnframt að þær gangi of skammt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ Landvernd (2020). *Nauðsynlegt að stytta umsagnartíma friðlýsinga*. sótt af <https://landvernd.is/naudsynlegt-ad-stytta-umsagnartima-fridlysinga/> 4. sept 2020

Umhverfis- og Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið v/Austurvöll
150 Reykjavík

Garðabær, 1. desember 2020
Tilvísun: 202011-0036/42-1-1 Umsagnir um frumvörp
TB
tb

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frumvarpið og styður allar framkomnar breytingartillögur á lögnum og telur þær til bóta.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að kotleggja óbyggð víðerni sem eru skilgreind í lögnum. Kortlagning víðerna hlýtur fyrst og fremst að byggja á skilgreiningunni og hljóta því önnur viðmið og forsendur fyrir kortlagningunni að byggja á henni. Einnig er ástæða til að kveða fastar að orði en að kortlagningin skuli vera til leiðbeiningar. Greinin gæti orðast svona: **Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um þau viðmið og forsendur sem liggja til grundvallar kortlagningunni og byggja á skilgreiningu á óbyggðra víðerna sbr. 19. lið 5. gr. Við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun skulu stjórnvöld taka mið af korti með upplýsingum um óbyggð víðerni á þann hátt að óbyggð víðerni skerðist ekki nema brýna nauðsyn beri til.** Í þessu tilviki má t.d. benda á að þetta er í samræmi við 61. gr. laganna um sérstaka vernd og jafnvel mætti tengja vernd óbyggðra víðerna við hana, sjá einnig e lið 3. greinar laganna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2020

2011028SA GB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til br. á náttúruverndarlögum, 276. mál

Almennt um frumvarpið

Í frumvarpinu er lagt til að málsmeðferð vegna friðlýsingaráforma verði einfölduð, m.a. með rafrænni birtingu og með styttingu umsagnarfresta vegna áforma um friðlýsingu á grundvelli 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga. Sambandið er í meginatriðum hlynnt þeim tillögum, enda liggur fyrir að slík áform verði aldrei auglýst nema fyrir liggja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.

Hvað varðar rafræna birtingu hlýtur framtíðarsýnin að vera sú að friðlýsingaráform verði birt í miðlægri gagnagátt, sem annaðhvort yrði samráðsgátt stjórnvalda eða áformum skipulagsgátt, sbr. frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi. Lykilatriði er að vefbirting tryggji að upplýsingar berist til allra sem hagsmuna eiga að gæta en í frumvarpinu er tekið fram að fyrirhuguð breyting á 36. gr. laganna hafi engin áhrif á skyldu til að tilkynna landeigendum, sveitarstjórnnum o.fl. um fyrirhuguð áform.

Stytting umsagnarfresta um friðlýsingaráform er að áliti sambandsins í flestum tilvikum ásættanleg og má t.a.m. telja að þriggja mánaða frestur skv. 39. gr. laganna sé nokkuð ríflegur þar sem slíkar tillögur eiga sér almennt lengri aðdraganda og kynningu. Sambandið telur hins vegar tilefni til þess að löggjafinn marki á sama hátt stefnu um að stytta umsagnarfresti skv. skipulagslögum að því leyti sem fært þykir, ekki síst í ljósi þess að upplýsingar berast nú með allt öðrum og hraðari hætti en þegar ákvæði um lögboðna fresti voru settir á síðustu öld. Athygli vekur að afstaða umsagnaraðila getur verið nokkuð breytileg gagnvart hugmyndum um styttingu fresta eftir því hvort um er að ræða áform um friðun eða framkvæmdir, þótt í raun eigi nákvæmlega sömu sjónarmið við í báðum tilvikum.

Þá telur sambandið eðlilegt að ákvörðun um veitingu undanþága frá friðlýsingarskilmálum verði færð frá ráðherra til Umhverfisstofnunar, sbr. tillögu um breytingu á 41. gr. laganna.

Loks gerir sambandið ekki athugasemd við ákvæði um að við lögin bætist ákvæði um reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna en gert er ráð fyrir að slíkt kort skuli vera til leiðbeiningar við stefnumótun stjórnvalda.

Tillaga um breytingu á 43. gr. laganna

Sambandið telur ástæðu til að rifja upp tillögu sem það sendi í umsögn til Alþingis við umfjöllun um frumvarp um breytingar á náttúruverndarlögum árið 2015, sbr. viðbótarumsögn dags. 22. október 2015. Tilefni ábendingar á þeim tíma var að auka

samræmi á milli lagaákvæða um eignarnám í náttúruverndarlögum og lögum um menningarminjar.

Einkum telur sambandið tilefni til að áréttta fyrri afstöðu sína um að óeðlilegt er að ráðherra sé veitt heimild til beitingar eignarnáms án þess að gert sé að ráð fyrir aðkomu annarra að slíkri ákvörðun. Eins og 43. gr. er orðuð er hægt að líta svo á að ráðherra geti einn tekið ákvörðun um beitingu eignarnáms, án undangengins samráðs við Umhverfisstofnun og eða hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þetta hlýtur að teljast einstaklega óheppilegt fyrirkomulag m.t.t. sjónarmiða um fyrirsjáanleika stjórnsýsluákvæðana og þeirrar staðreyndar að sveitarfélögin hafa forræði á skipulagsmálum, jafnframt því að hafa sjálfstæða eignarnámsheimild á grundvelli 50. gr. skipulagslaga. Nauðsynlegt er því að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um að ráðherra sé skylt að leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar áður en ákvörðun er tekin um eignarnám á grundvelli ákvæðisins.

Sambandið leggur því til að breyting verði gerð á 43. gr. laganna, þannig að á eftir 1. málslíð bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Áður en ákvörðun er tekin um beitingu eignarnáms skal ráðherra afla umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar.

Framangreindri breytingartillögu er ætlað að fyrirbyggja hugsanlega árekstra vegna eignarnámsheimildar sveitarfélaga annars vegar og eignarnámsheimildar ráðherra hins vegar. Einnig er henni ætlað að tryggja að ákvörðun um eignarnám sé nægilega vel undirbúin, m.a. um afmörkun svæðis sem sætir eignarnámi m.t.t. þeirra verndarhagsmuna sem ákvörðunin beinist að.

Jafnframt telur sambandið eðlilegt að bætt verði inn í ákvæðið skyldu til þess að leita eftir samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem ráðherra hyggst taka eignarnámi áður en ráðherra tekur ákvörðun. Í þessu samhengi leggur sambandið áherslu á að beiting íþyngjandi lagaheimilda þarf að vera eins fyrirsjáanleg og kostur er til þess að tryggja skilvirka stjórnsýslu. Má jafnframt benda á að vafi um lögmæti ákvæðana sem varða skipulagsmál og möguleg álitaefni um brot gegn stjórnarskránni geta tafið framkvæmd skipulagsmála svo árum skiptir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Reykjavík 2. desember 2020

Alþingi Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, mál nr. 276, þingskjal 308.

Samorka þakkar fyrir það tækifæri að koma að umsögn um málið.

Nútímavæðing auglýsinga

Samorku veitti umsögn um málið í Samráðsgátt stjórnvalda þegar frumvarpið kom fram í drögum. Var á það bent að sú breyting á 36. gr. að fella út skylda til að auglýsa tillögur samkvæmt lögnum, þ.m.t. um friðanir, í dagblöðum sem gefin eru út á landsvísu orki tvímælis. Tillagan byggir á því að nauðsynlegt sé að nútímavæða auglýsingaformið og byggja fremur á vefmiðlum en prentmiðlum. Rétt er hér að benda á að flestir prentmiðlar og þá einkum þeir sem gefnir eru út á landsvísu birtast jöfnum höndum í vefútgáfu og því ljóst að í því fellst ákveðin nútímavæðing. Hvort sá tími er komin að óhætt sé að fella út auglýsingar í prentmiðlum er ekki gott að segja en vænlegt ef hægt væri að vísa í rannsóknir því til stuðnings. Í greinargerð er þó tekið fram að Umhverfisstofnun geti ákveðið að auglýsa í prentmiðlum ef aðstæður séu metnar með þeim hætti.

Þegar rætt er um nútímavæðingu auglýsinga skiptir þó meira máli að sú **skylda verði lögð á þá aðila** sem sjá um gerð og auglýsingu tillagna að birta þær í **Samráðsgátt stjórnvalda**. Hlýtur það að vera í samræmi við markmiðið með henni og þar með nútímavæðinguna. Ber í þessu sambandi að hafa sérstaklega í huga að hægt er að vera áskrifandi að tilkynningum frá Samráðsgáttinni og fá þær þannig í tölvupósti. Samorka hefur áður bent á mikilvægi þess að þessi skylda verði lögð á stofnanir ríkisins og þá jafnframt að umsagnir um tillögurnar birtist á vefsíðu Samráðsgáttarinnar. Ljóst má vera að hagaðilar hafa fagnað þeirri nýjung sem fest í Samráðsgáttinni og hana ber að sjálfsögðu að nýta á öllum stjórnsýslustigum. Þau svör sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu um þessa ábendingu í fyrri umsögn Samorku og fleiri aðila fela einfaldlega í sér að breyta þarf reglunum um gáttina sé það tilfellið að þær rúmi ekki þessi tilvik.

Stytting á frestum

Í VII. kafla náttúruverndarlaga er fjallað um **friðlýsingu svæða** og í 38. gr. er fjallað um **friðlýsinguna og framkvæmd hennar** og þar með með þá málsmæðferð sem um hana gildir. Í 38 gr. er þannig fjallað um þrjár leiðir til friðunar. **(1)** Friðun á forsendum **framkvæmdaáætlunar** náttúruminjaskrár (1. flokkur náttúruminjaskrár), **(2)** friðun á grundvelli 53. gr., þ.e. verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlun) og **(3)** friðanir sem farið er í á grundvelli samkomulags við landeiganda og viðkomandi sveitarfélag. Þá er skýrt tekið fram í 38. gr. að þessi friðlýsingaáform skuli kynna í samræmi við 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúru-

verndarlaganna. Með öðrum orðum skuli sömu málsmeðferðarreglur og þar með talið frestir gilda um allar friðanir.

Nú er lagt til með þessu frumvarpi að við lokamálslið 2. mgr. 38. gr. bætist undantekning frá meginreglu 36. gr. sem feli í sér að áskildir frestir gildi ekki, heldur skuli þeir styttr úr átta vikum í tvær vikur. Óljóst er hvort þessi umræddi frestur tvær vikur gildir þá fyrir; (1) friðun svæða samkvæmt framkvæmdaáætluninni, (2) svæða samkvæmt rammaáætlun og (3) svæða á grundvelli samkomulags við landeigendur og sveitarfélög, þ.e. alla málsliðina eða annan og þriðja málsliðinn eða aðeins loka málsliðinn (3ja).

Í greinargerð með lögnum er þessu lýst svo: „Friðlýsingaráform, sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, skal kynna í samræmi við 2. og 3. mgr. 36. gr. laganna en í því felst að áform um friðlýsingu á að kynna í átta vikur hið minnsta og skulu áformin birt í dagblaði, í Lögbirtingablaðinu og á heimasíðum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Hinn langi kynningartími skv. 36. gr. byggist á því að verið er að kynna endurskoðaða náttúruminjaskrá sem er mun umfangsmeiri en **einstaka friðlýsing sem ráðherra er heimilt að ákveða skv. 38. gr.**“

Þá er lagt til að í kynningu (auglýsingu) skuli að lágmarki tilgreina markmið og tilgang fyrirhugaðrar friðlýsingar.

Um röksemdir fyrir ofangreindri undanþágu og þar með að ólíkar reglur skuli gilda er vísað er til þess að reynslan sýni að átta vikur séu allt of langur frestur. Hvaða vandamál hafa fylgt þessum langa fresti er ekki útskýrt né að það hafi haft einhverjar tiltekna neikvæðar afleiðingar í för með sér við framkvæmd friðunar.

Gefið er í skyn án þess að það sé skýrt nánar að sá frestur hafi í raun verið hugsaður fyrir náttúruminjaskrá en ekki aðrar friðanir. Þetta er auðvitað mjög sérstök nálgun þegar um er að ræða samþykkt lög frá Alþingi að gefa í skyn að þetta séu einhverskonar mistök hjá þinginu að fella allar þessar friðanir undir sömu skilmála sama hvers eðlis þær eru. Að færa frestinn niður í aðeins tvær vikur er síðan í engu samhengi við þá miklu hagsmuni sem um er að ræða í friðunum þeim sem hér eru undir. Um er að ræða friðanir sem náð geta yfir gífurlega stór landsvæði þar sem fjölmargir landeigendur og aðrir hagaðilar eiga hagsmuni. Nægir í því samhengi að benda á þær friðanir sem undanfarið hefur verið farið í á grundvelli verndarflokks verndar- og orkunýtingaráætlunar skv. 53. gr. laganna, þar sem heilu vatnasviðin eru undir auk árbakka og niður að ósum. Á þetta hefur Samorka bent í umsögn sinni um málið þegar frumvarpið kom fram í drögum í Samráðsgátt stjórnvalda. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki fjallað um þessa ábendingu og því ekki gerð tilraun til að leiðrétta þessa túlkun sé um misskilning að ræða. Sé svo er þá mikilvægt að skerpa á lagatextanum og taka af öll tvímæli hér að lútandi og þar með að undanþáguákvæðið gildi ekki um friðanir á grundvelli rammaáætlunar, verndar- og orkunýtingaráætlunar. En ef til vill er það markmiðið með breytingunni að þessar friðanir fylgi ekki málsmeðferðarreglum 36. gr. náttúruverndarlaga?

Með þá miklu hagsmuni sem geta verið í húfi þegar friðanir eru annars vegar má því fremur segja að reynslan sýni að full þörf sé á því að hafa tímafresti rúma sér í lagi þegar friðanir fela í sér skerðingu á eignarréttindum landeigenda sem jafnvel virðist ekki hugað að í undirbúningi friðunar ef marka má fréttir af málshöfðun á hendur ríkinu einmitt af þessu tilefni.

Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 39. gr. að frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu sé færður úr tólf vikum í sex vikur undir þeim formerkjum að með því sé hægt að flýta ferli friðlýsinga eins og segir í greinargerð frumvarpsdraganna. Í hvaða tilgangi þörf er á slíkri flýtingu er síðan ekki útskýrt nánar sér í lagi þegar horft er til þeirra hagsmuna sem vísað er til hér að framan. Hér líka athyglisver að hér eru lagðar til sex vikur en ekki tvær.

Með framanritað í huga og þá grundvallar kröfu að eðlilegt sé allar friðanir fylgi sömu stjórnsýslulegu meðferðinni samkvæmt náttúruverndarlögum er enginn þörf á því að stytta fresti með þeim hætti sem hér er lagður til.

Loks er í frumvarpsdrögunum lagt til að inn komi sérstakt ákvæði 73. gr. a sem felur í sér að „ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um þau viðmið og forsendur sem liggja til grundvallar kortlagningunni.“

Þá segir að kortið „með upplýsingum um óbyggð víðerni [skuli] vera til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun.“

Samorka hefur vakið athygli á því að það er mjög sérstök hugmynd að bæta ákvæði sem þessu inn í lög, í kafla sem ber heitið „skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira“. Hér ber að hafa í huga að Náttúrufræðistofnun, samkvæmt náttúruverndarlögum og samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 er falið einmitt þetta hlutverk. Að sjá um kortlagningu landsins að þessu leyti, sbr. einkum c. lið 4. gr. um „aðalverkefni“ hennar, þ.e. „að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskra náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta“ þar að lútandi. Sé talið að framangreind lög séu ófullnægjandi heimild til handa Náttúrufræðistofnun að standa að þeim þætti náttúru Íslands sem flokkast kann undir óbyggð víðerni væri nær að skerpa á því í lögnum um stofnunina fremur en að setja þetta sérstaka ákvæði inn í náttúruverndarlögin. Hvað nákvæmlega á síðan að felast í skyldu til þess að kortið sé til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld um verndun og landnotkun er mjög óljóst.

Með framanritað í huga getur Samorka ekki fallist á þær forsendur sem liggja til grundvallar ofangreindum breytingu á náttúruverndarlögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku – samtaka orku- og veitufyrirtækja.

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur

26. nóvember 2020



Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd

- Kynning f. umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis 24. nóv 2020

Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri UAR
Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur UAR



Yfirlit

1. Náttúruminjasrá og friðlýsing einstakra svæða (2., 3. og 4. gr. frumvarps).
2. Undanþágur frá ákvæðum friðlýsinga og banni við akstri utan vega (1., 5. og 7. gr. frumvarps).
3. Kortlagning óbyggðra víðerna (6. og 8. gr. frumvarps).



1. Náttúruminjasrá og friðlýsing einstakra svæða – 2. gr. frumvarps

Í dag:

Tillagan skal auglýst í dagblaði sem gefið er út á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu og jafnframt á heimasíðu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar.

Verður:

Tillagan skal auglýst í Lögbirtingablaði, á vefmiðlum og með öðrum hætti eftir því sem við á.



Náttúruminjaskrá og friðlýsing einstakra svæða – 3. og 4. gr. frumvarps

- Þegar svæði sem fyrirhugað er að friðlýsa er ekki á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár eða náttúruverndaráætlun þarf að auglýsa **áform um friðlýsingu** svæðisins áður en friðlýsingarskilmálar eru unnir.
- Frestur í dag 8 vikur en lagt til að verði 2 vikur.
- Ekki verði nauðsynlegt að friðlýsingarflokkur liggi fyrir við auglýsingu um áform.
- Athugasemdafrestur við **friðlýsingarskilmála** verði sex vikur í stað þriggja mánaða.
- Mögulegt að flýta ferli friðlýsinga og auka skilvirkni



Undanþága frá ákvæðum friðlýsinga og banni við akstri utan vega – 1., 5. og 7. gr. frumvarps

- Heimild til að veita undanþágur verði færð frá ráðherra til Umhverfisstofnunar.
- Tryggir réttláta málsmeðferð og að hægt sé að fá ákvörðun endurskoðaða á stjórnarsýslustigi.
- Í samræmi við ákvæði Árósasamningsins.
- Breyting á ákvæði um kærheimild – lagfæring.



Kortlagning óbyggðra víðerna – 6. og 8. gr. frumvarps

- Lagt til nýtt ákvæði um kortlagningu óbyggðra víðerna, en víðerni eru skilgreind í 19. tölul. 5. gr. laganna.
- Ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna.
- Til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun.
- Nýtt ákvæði til bráðabirgða – fyrstu kortlagningunni skal vera lokið fyrir 1. júní 2023.